

Almenn hegningarlög nr. 19/1940:

175. gr. Hver, sem veldur hættu á því, að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna, með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda, sem þar að lúta, skal sæta ...¹⁾ fangelsi allt að 3 árum. Refsingin getur þó orðið fangelsi allt að 6 árum, ef um sjúkdóma er að ræða, sem hið opinbera hefur gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra, að berist hingað til lands.

Sé brot samkvæmt grein þessari framið af gáleysi, þá varðar það sektum ...¹⁾ eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

220. gr.[Fangelsi]¹⁾ allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.

Sóttvarnalög:

III. kafli. Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr. Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.